

1868.

15. ágúst.

herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra. Útaf þessu hafið þér í bréfi dagsettu 2. desembermán. f. á. látið í ljósi álit yðar um, hvort að stiptsprentsmiðjan yfir höfuð að tala hafi nokkur einkaréttindi til að prenta bækur þær, sem hér ræðir um, og sè svo, þá til hverra bóka einkaréttindin náí, og hafið þér skýrt frá, að nú sem stendur sè það að eins 5 bækur alls, það er að segja: Handbók presta, Hallgrímskverið, Passíusálarnir, Fæðingarsálarnir og Sturms hugvekjur, sem að stiptsprentsmiðjan gefur út á sinn kostnað af bókum þeim, sem áður fyrri voru prentaðar á Hólum, og að ágóði sá, sem stiptsprentsmiðjan hefir af að gefa út bækur þessar, verði ekki metinn meira en 45 til 50 rd. á ári. Hafið þér því mælt fram með, að bænarskránni verði veitt áheyrn.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið fellst hér með á, að prentsmiðja norður- og austurumdæmisins skuli hafa jafnrætti við stiptsprentsmiðjuna til að prenta bækur þær, sem Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentunarheimild á.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til cand. mag. Benidikts Gröndals, um styrk til að semja kennslubók í landaskipunarfræði.

21. ágúst.

Útaf bænarskrá yðar dagsettri 25. f. m. hefir stjórnarráðið veitt yður fyrst um sinn 100 ríkisdala styrk til þess að semja kennslubók á íslenzku í landaskipunarfræði, er notuð yrði við kennsluna í latínuskólanum í Reykjavík, og væri sérílaga sniðin eptir kennslubókum Ingerslevs í landafræði. Undir eins og þér sendið stjórnarráðinu svo mikið af handritinu, að það nemi 6 eða 7 prentuðum örkum, þá mun skólameistara Reykjavíkurskóla verða sent það, til þess að hann segi álit sitt um það, og ef að hann leggur þann dóm á handritið, að það verði notað sem kennslubók í skólanum, getið þér búizt við að fá frekari styrk til þess að halda handritinu áfram, en þó má styrkurinn ekki

1868.
21. ágúst. fara fram úr 600 rd. alls, því að stjórnarráðið ætlast til, að kennslubókin eigi ekki að vera lengri en hërubil 30 arkir. Því skal við bætt, að þeir 100 rd., sem nefndir eru hér að framan, munu að tilhlutun stjórnarráðsins verða borgaðir yður úr aðalféhirzlu ríkisins.

25. ágúst. **50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærslurètt sveitarómaga.**

Með bréfi dagsettu 25. júnímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórinn í Kolbeinstaðahrepp í Mýra- og Hnappadalssýslu, H. J. Hjaltalin, fer þess á leit, að úrskurður vesturamtsins, uppkveðinn 16. janúarmán. 1861, er ákveður að ekkja og börn Jóns nokkurs Jónssonar skuli eiga framfærslurètt á fæðingarhrepp hans, Kolbeinstaðahrepp, verði rannsakaður á ný vegna nokkurra nýrra upplýsinga, sem tæður hreppstjóri hefir útvegað, og eiga að leiða rök að því, að ofan nefndur Jón Jónsson hafi dvalið í 5 ár samfleytt í Neshrepp innri í Snæfellsnessýslu og þannig áunnið sèr þar framfærslurètt, en ef að þér, herra amtmaður, treystist ekki til að breyta amtsúrskurðinum sjálfur, að þér þá komið málinu á framfæri til stjórnarinnar til úrslita.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að með því að það ekki er sannað með þeim upplýsingum, sem ofan nefndur hreppstjóri hefir útvegað og hann skýrskotar til, að Jón þessi Jónsson hafi áunnið sèr framfærslurètt í Neshrepp innri, og það er ekki heldur sannað, að hann hafi áunnið sèr framfærslurètt í neinni annari sveit, þá skal amtsúrskurðurinn 16. janúarmán. 1861¹, sem nefndur er hér að framan, standa óhaggaður.

¹) Amtsúrskurðurinn er svolátandi:

Með bréfi dagsettu í dag hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað bréf til yðar frá sýslumanninum í Mýra og Hnappadals sýslu, dag-